

## Fundargerð aðalfundar 2001

### Aðalfundur 2001 haldinn á Grand Hótel Reykjavík 28. febrúar 2001, kl. 15:00

Jóhann Gunnarsson var einróma kjörinn fundarstjóri aðalfundar eins og mörg undanfarin ár. Hann staðfesti að fundurinn sé löglegur og enginn mótmælti því. Hann setti fundinn og gaf formanni, Óskari B. Haukssyni, orðið.

#### 1. Skýrsla stjórnar fyrir árið 2000

Óskar B. Hauksson byrjaði fundinn á því að minnst látins heiðursfélaga Ottós A. Michelsens og risu allir úr sætum til að votta honum virðingu sína. Óskar skýrði síðan frá starfsemi félagsins á liðnu ári.

#### 2. Skýrslur nefnda og starfshópa

a) Guðbjörg Sigurðardóttir gerði grein fyrir starfi Persónuverndar en hún situr í stjórn þess fyrir hönd Skýrslutæknifélags Íslands

b) Sigrún Helgadóttir sagði frá starfsemi orðanefndar síðastliðið ár.

c) Einar H. Reynis skýrði stuttlega frá starfsemi ritnefndar Tölvumála.

d) Eggert Ólafsson skýrði frá starfsemi FUT eða Fagráðs í upplýsingatækni, en hann situr í stjórn FUT fyrir hönd Skýrslutæknifélagsins

e) Engin starfsemi hefur verið í síðanefnd síðastliðið ár og taldi því Erla S. Árnadóttir ekki þörf á gefa skýrslu.

Örn Kaldalóns bar fram spurningu til Einars H. Reynis um hvort von væri á rafrænni útgáfu af Tölvumálum. Einar sagði svo vera, að fyrsta blaðið væri nú á alnetinu.

#### 3. Reikningar félagsins fyrir árið 2000

Stefán Kjærnested gjaldkeri kynnti endurskoðaða reikninga félagsins. Voru þeir samþykktir samhljóða.

#### 4. Lagabreytingar

Stjórn lagði fram tillögu um lagabreytingu fyrir fundinn sem var svona:

*Lagt er til að Skýrslutæknifélagi Íslands verði gefið nýtt heiti, og breytist þá 1. gr. félagssamþykktanna þannig:*

*1. Nafn og aðsetur*

*Heiti félagsins er SKÝ- Félag um upplýsingatækni. Aðsetur félagsins er í Reykjavík.*

Óskar B. Hauksson rökstuddi þessa tillögu með því að háværar kröfur væru frá félagsmönnum um að skipta um nafn og að stjórn hefði fengið álit ímyndarsérfræðings sem styddi tillöguna.

Sigrún Helgadóttir mælti á móti tillögunni og lagði til að gamla nafnið yrði notað áfram. Örn Kaldalóns bað um orðið og mælti á móti tillöguna, að ef nafninu yrði breytt þá yrði það að vel íhuguðu máli.

Stjórn dró tillöguna til baka á fundinum með þeim orðum að ný stjórn tæki málið til athugunar.

#### 5. Ákvörðun félagsgjalda fyrir árið 2001

Lagði Stefán Kjærnested að félagsgöldin yrður hækkuð um 5,4%, eða

Fullt gjald kr. 15.700,-

Hálft gjald kr. 7.850,-

Fjórðungsgjald kr. 3.925,-

Var tillagan samþykkt einróma en það kom fram eftir fyrirspurn frá Svönu Helen að hækkunarir eru í samræmi við verðbólgu.

## 6. Stjórnarkjör

### a) Formannskjör

Fyrir fundinum lá tillaga um að Eggert Ólafsson, hjá Borgarverkfræðingsembættinu, tæki við embætti formanns til tveggja ára.

Var tillagan samþykkt einróma.

### b) Aðrir stjórnarmenn

Kjósa á þrjá stjórnarmenn til tveggja ára. Fyrir fundinum lá þessi tillaga:

- Svana Helen Björnsdóttir, í stjórn til tveggja ára.
- Brynja Guðmundsdóttir, í stjórn til tveggja ára.
- Einar H. Reynis, í stjórn til eins árs.

Voru þessar tillögur samþykktar einróma.

### c) Varamenn

Varamenn til eins árs. Tillögur:

- Hjálmtýr Hafsteinsson, Háskóla Íslands.
- Sigurborg Gunnarsdóttir, Tölvumiðstöð Sparisjóðanna.

Voru þessar tillögur samþykktar einróma.

## 7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Fyrir fundinum lá þessi tillaga:

- Jakob Sigurðsson, heiðursfélagi í SÍ
- Sigurjón Pétursson, Skýrr hf.

Lagt er til að sömu menn gegni þessum embættum áfram. Var þessi tillaga samþykkt einróma.

## 8. Nefndakjör

a) Ritstjóri Tölvumála er kosin til eins ár, Einar H. Reynis hefur verið ritstjóri síðastliðið tímabil og er tillaga stjórnar sú að hann verði ritstjóri nýtt tímabil. Var það samþykkt einróma.

b) Siðanefnd er kosin til eins árs.

Fyrir fundinum lá sú tillaga að óbreytt endurkjör yrði og var sú tillaga samþykkt einróma.

## 9. Önnur mál

Ekki voru önnur mál á dagskrá og því sleit Jóhann Gunnarsson fundi, kl. 16:45.

Fundinn sátu 27 félagsmenn, fráfarandi framkvæmdastjóri, framkvæmdastjóri og starfsmaður félagsins.

Ritarar:

**Hólmfríður Arnardóttir**

**Ingi Þór Hermannsson**